

Gróður og fuglalíf á rannsóknasvæði fyrirhugaðrar vega- og brúargerðar við Hornafjarðarfljót

**Regína Hreinsdóttir, Guðmundur A. Guðmundsson,
Kristbjörn Egilsson og Guðmundur Guðjónsson**

Unnið fyrir Vegagerðina, Reykjavík

NÍ-06015

Reykjavík, desember 2006



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

| | | |
|--|---------------------------------------|---|
|  | | Reykjavík <input checked="" type="checkbox"/> Akureyri <input type="checkbox"/> |
| Skýrsla nr. NÍ-06015 | Dags, Mán, Ár Desember 2006 | Dreifing Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð til ágúst 2007 |
| Heiti skýrslu / Aðal- og undirtíttill Gróður og fuglalíf á rannsóknasvæði fyrirhugaðrar vega- og brúargerðar við Hornafjarðarfljót | | Upplag 30 Fjöldi síðna 66 Kort / Mælikvarði Gróðurkort 1:15.000 |
| Höfundar Regína Hreinsdóttir, Guðmundur A. Guðmundsson, Kristbjörn Egilsson og Guðmundur Guðjónsson | | Verknúmer R0611023 Málsnúmer 2006050004 |
| Unnið fyrir Vegagerðina, Reykjavík | | |
| Samvinnuaðilar | | |
| Útdráttur <p>Að ósk Vegagerðarinnar fóru fram rannsóknir á gróðurfari og fuglalífi á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna fyrirhugaðrar veglagningar við Hornafjarðarfljót. Rannsakað var umhverfi þriggja veglína, leiðar 1, 2 og 3 auk mögulegra efnistökuastaða. Einungis var rannsakað umhverfi veglína þar sem þær liggja í nýju umhverfi, ekki í núverandi vegstæði. Til hagræðis og vegna hugsanlegs möguleika á að víxla veglínunum við Hornafjarðarfljót var rannsóknasvæðinu skipt í þrennt, Mýrar, Skógey og Nes, og er fjallað um hvert svæði fyrir sig. Gróður var kortlagður á svæði sem nær minnst 200 m út frá hverri veglínu til beggja handa, en töluvert stærra svæði var kortlagt í heildina til samanburðar. Gróðurkort í mælikvarða 1:15.000 fylgir skýrslunni í vasa. Gróðurlendakort af hverju svæði eru inni í skýrslunni auk korts sem sýnir útbreiðslu votlendis. Gerð er grein fyrir sérstæðum gróðurfélögum á svæðinu í umfjöllun. Einnig var gerð úttekt á tegundafjölbreytni háplantna.</p> <p>Fuglar voru taldir á sniðum á og við fyrirhuguð vegstæði, þéttleiki þeirra metinn og út frá atferli lagt mat á hvort þeir væru varpfuglar á svæðinu. Gerð er grein fyrir mikilvægi strandsvæða á rannsóknasvæðinu fyrir fuglalíf og ekki síst fyrir þann gríðarlega fjölda farfugla sem hafa viðkomu á svæðinu á fartaíma, vor og haust.</p> <p>Hluti þess svæðis sem kortlagt var (Skarðsfjörður) er á Náttúru-minjaskrá vegna lífauðugra leira og mikils fuglalífs á grunnsævi.</p> | | |
| Lykilorð Hornafjarðarfljót, Mýrar, Skógey, Nes, Skarðsfjörður, gróðurfur, háplöntur, gróðurkort, fuglar, náttúrminjar, náttúruvernd, umhverfismat, sjávarflæðar, hringvegurinn. | | Yfirfarið ÁI |

EFNISYFIRLIT

| | |
|--|-----------|
| 1 INNGANGUR | 7 |
| 2 RANNSÓKNASVÆÐIÐ | 7 |
| 3 AÐFERÐIR | 8 |
| 3.1 Gróður | 8 |
| 3.2 Fuglar | 9 |
| 4 NIÐURSTÖÐUR | 10 |
| 4.1 Gróðurfur | 10 |
| 4.1.1 Helstu gróðurfélög á rannsóknasvæðinu | 10 |
| 4.1.2 Veglínur vestan Hornafjarðarfljóta – Mýrar | 14 |
| 4.1.3 Skógey | 21 |
| 4.1.4 Veglínur austan Hornafjarðarfljóta – Nes | 25 |
| 4.1.5 Fyrirhuguð námusvæði | 33 |
| 4.2 Flóra | 35 |
| 4.2.1 Háplöntur | 35 |
| 4.3 Fuglar | 36 |
| 4.3.1 Varpfuglar | 36 |
| 4.3.2 Farfuglar | 40 |
| 4.3.3 Tegundir á valista | 42 |
| 5 NÁTTÚRUMINJAR | 43 |
| 6 TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR | 44 |
| 6.1 Gróður | 44 |
| 6.2 Fuglalíf | 45 |
| 7 RITASKRÁ | 46 |
| 8 VIÐAUKAR | 48 |
| 1. viðauki. Flatarmál gróðurfélaga á Mýrum | 48 |
| 2. viðauki. Flatarmál gróðurfélaga í Skógey | 51 |
| 3. viðauki. Flatarmál gróðurfélaga í Nesjum | 55 |
| 4. viðauki. Fyrirhuguð efnistökusvæði/námur | 60 |
| 5. viðauki. Flóra við Hornafjarðarfljót | 63 |
| 6. viðauki. Mat á algengni tegunda | 66 |

TÖFLUR

| | |
|---|----|
| 1. tafla. Gróðurlendi og flokkar lítt eða ógróins lands á Mýrum | 14 |
| 2. tafla. Gróðurlendi og flokkar lítt eða ógróins lands á leið 1 á Mýrum | 16 |
| 3. tafla. Gróðurlendi og flokkar lítt eða ógróins lands á leið 2 á Mýrum | 19 |
| 4. tafla. Gróðurlendi og flokkar lítt eða ógróins lands í Skógey | 22 |
| 5. tafla. Gróðurlendi og flokkar lítt eða ógróins lands á leið 1 í Skógey | 24 |
| 6. tafla. Gróðurlendi og flokkar lítt eða ógróins lands á leið 2 í Skógey | 24 |
| 7. tafla. Gróðurlendi og flokkar lítt eða ógróins lands á leið 3 í Skógey | 25 |
| 8. tafla. Gróðurlendi og flokkar lítt eða ógróins lands í Nesjum | 25 |
| 9. tafla. Gróðurlendi og flokkar lítt eða ógróins lands á leið 1 í Nesjum | 29 |
| 10. tafla. Gróðurlendi og flokkar lítt eða ógróins lands á leið 2 í Nesjum | 30 |
| 11. tafla. Gróðurlendi og flokkar lítt eða ógróins lands á leið 3 í Nesjum | 33 |
| 12. tafla. Varpfuglar sem sáust við talningar í grennd við Hornafjarðarfljót 29.–31. maí 2006 | 37 |
| 13. tafla. Fjöldi og þéttleiki mófugla eftir gróðurlendum í nágrenni Hornafjarðarfljóta | 38 |
| 14. tafla. Flatarmál gróðurlenda í hekturum á hugsanlegum vegstæðum leiðar 1, 2 og 3 | 38 |
| 15. tafla. Fjöldi varppara mófugla á áhrifasvæðum hugsanlegra veglína | 39 |
| 16. tafla. Niðurstöður talninga á vaðfuglum á leirum í grennd við veglínur 2 og 3 í Nesjum | 41 |

LJÓSMYNDIR

| | |
|--|----|
| 1. ljósmynd. Austasti hluti rannsóknasvæðisins á Mýrum | 16 |
| 2. ljósmynd. Tjörn með vatnsnál og síkjamara í gróskumiklum gulstararflóa | 18 |
| 3. ljósmynd. Tjörn með fergin og gulstör skammt frá bökkum Hornafjarðarfljóta | 19 |
| 4. ljósmynd. Algróin grunn tjörn sem vætuskuður gefur rauðleitan blæ | 20 |
| 5. ljósmynd. Gróðurfélagið T2 í Skógey | 22 |
| 6. ljósmynd. Horft yfir fitjarnar við Árnanes til Hrafnseyjar | 28 |
| 7. ljósmynd. Horft yfir fitjarnar við Árnanes á flóði 26. júní 2006 | 30 |
| 8. ljósmynd. Strandsauðlaukur | 31 |
| 9. ljósmynd. Trjáplöntur við hólana í Skarðshólum | 32 |
| 10. ljósmynd. Grágæs er algeng í Skógey en verpur einnig í Nesjum og á Mýrum | 36 |
| 11. ljósmynd. Grágæsaheiður í Skógey | 40 |
| 12. ljósmynd. Brandönd er nýr landnemi á Íslandi og er stofninn aðeins um 50 pör | 42 |
| 13. ljósmynd. Fjöruspói er á válista og flokkaður sem tegund í bráðri hættu | 43 |

MYNDIR

| | |
|---|----|
| 1. mynd. Hornafjarðarfljót – Mýrar. Gróðurlendakort | 15 |
| 2. mynd. Hornafjarðarfljót – útbreiðsla votlendis | 17 |
| 3. mynd. Hornafjarðarfljót – Skógey. Gróðurlendakort | 23 |
| 4. mynd. Hornafjarðarfljót – Nes. Gróðurlendakort – leið 1 | 26 |
| 5. mynd. Hornafjarðarfljót – Nes. Gróðurlendakort – leiðir 2 og 3 | 27 |

Kort í vasa:

Hornafjarðarfljót – kortlagning gróðurs vegna vegagerðar. Gróðurkort 1:15 000.

1 INNGANGUR

Í bréfi dagsettu 8. mars 2006 og samtali 13. mars fór Vegagerðin þess á leit við Náttúrufræðistofnun Íslands að hún gerði áætlun um kostnað vegna rannsókna á gróðurfari (gróðurkort og útbreiðsla háplantna) og fuglalífi vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar við Hornafjarðarfljót og hugsanlegra efnistökuástaða. Náttúrufræðistofnun skilaði rannsóknáætlun 11. apríl 2006. Verksamningur um rannsóknirnar var undirritaður 21. apríl 2006.

Um er að ræða allt að 17,5 km langa nýbyggingu vegar og brúa yfir Djúpá, Hornafjarðarfljót, Hoffellsá og Laxá. Samkvæmt áætlun Vegagerðarinnar er gert ráð fyrir að nýjar brýr hafi engin áhrif á sjávarföll innan við brýrnar. Í Flóa verða ræsi sem eiga sömuleiðis að tryggja að sjávarfalla gæti á sama hátt og áður innan vegstæðis. Rannsóknirnar fólust í kortlagningu gróðurs, gerð gróðurkorts, skráningu háplantna og úttekt á fuglalífi (varpfuglafánu) á áhrifasvæði fyrirhugaðrar framkvæmdar og aðliggjandi svæðum. Vettvangsvinna fór fram frá júní til september 2006. Samstarfsmenn og tengiliðir fyrir hönd Vegagerðarinnar voru Erna Hreinsdóttir og Jón Helgason. Við gagnasöfnun á vettvangi og/eða úrvinnslu gagna unnu auk höfunda Sigrún Jónsdóttir og Freydis Vigfúsdóttir á Náttúrufræðistofnun Íslands og Brynjúlfur Brynjólfsson og Björn Arnarsson, Fuglaathugunastöð Suðausturlands.

2 RANNSÓKNASVÆÐIÐ

Fyrirhuguð vegaframkvæmd liggur yfir Hornafjarðarfljót í Hornafirði í Austur-Skaftafells-sýslu. Framkvæmdasvæðið er skammt frá Höfn, beggja vegna Hornafjarðarfljóta, í Nesjum og Mýrum. Í Nesjum er grösugt sléttlendi afmarkað af Skarðsfirði og Austurfjörutanga í suðri, Hornafirði og aurum Hornafjarðarfljóta í vestri. Mýrar eru flatur votlendisfláki, afmarkaður af sandströndinni í suðri og suðaustri, fjallendinu í suðurbrún Vatnajökuls í norðri og Hornafirði og aurum Hornafjarðarfljóta í austri. Í vestri eru mörk Mýra á flötum aurum, þar sem áður var farvegur Heinabergsvatna. Hornafjarðarfljót eru stutt og vatnsmikil og fá mestan hluta vatnsins frá Suðurfjóljóti, sem kemur úr Viðborðsdal og undan Svínafellsjökli, og Austurfjóljóti, sem kemur undan Hoffellsjökli. Sveitirnar í sveitarfélaginu Hornafirði voru löngum ofurseldar fallvaltleika jökulvatna sem flæmdust um og brutu land, en nú hefur þeim að verulegu leyti verið beint í farvegi með varnargörðum. Gróður er í framrás á stórum svæðum og áraurarnir hafa víða reynst ákjósanlegt ræktarland. Þéttbýlið á Höfn er byggt á útnesjum og eyjum sem skilja Hornafjörð frá Skarðsfirði við Hornafjarðarós. Undanfarna áratugi hefur landris vegna rýrnunar jökla valdið umtalsverðum landslagsbreytingum í Hornafirði sem fram koma í breytingum á fjörum og á votlendis-svæðum við flæðarmál (Vegagerðin 2006).

Umsamið rannsóknasvæði nær 200 metra út frá fyrirhuguðum veglínunum til beggja handa og verður hér eftir kallað viðmiðunarsvæði. Töluvert stærra svæði var þó gróðurkortlagt í heildina til samanburðar. Til hagræðis var rannsóknasvæðinu skipt í þrennt, Mýrar, Skógey og Nes og samanburður gerður á veglínunum á landi á hverju svæði fyrir sig. Þessi skipting þótti eðlileg með tilliti til vatnsfallanna sem aðskilja svæðin og ólíkra landfræðilegra aðstæðna. Í tillögu að matsáætlun kemur einnig fram að mögulegt sé að skeyta mismunandi leiðir saman við Hornafjarðarfljót (Vegagerðin 2006).

Sjá nánari lýsingu á staðháttum og framkvæmdasvæði í skýrslu Vegagerðarinnar; Hringvegur um Hornafjarðarfljót í Hornafirði – tillaga að matsáætlun (Vegagerðin 2006).

3 AÐFERÐIR

3.1 Gróður

Gróðurkort. Gróðurkort af svæðinu hafa ekki verið gefin út. Hins vegar fór fram vettvangsvinna vegna gróðurkortagerðar sumarið 1975. Sú vinna var miðuð við mælikvarða 1:20.000. Þau gögn nýtast að hluta til við gerð nýs gróðurkorts af framkvæmdasvæðinu. Gæði þeirra eru misjöfn vegna betri mynda, nákvæmari mælikvarða sem unnið er með í dag og mikilla breytinga sem orðið hafa á gróðurfari.

Gróður- og landflokun sumarið 2006 fór fram með hefðbundnum aðferðum gróðurkortagerðar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Náttúrufræðistofnunar Íslands samkvæmt gróðurlykli Steindórs Steindórssonar (1981).

Á gróðurkortum er gróður flokkaður eftir ríkjandi og/eða einkennandi plöntutegundum. Ríkjandi eru þær tegundir sem hafa mesta gróðurþekju og geta þær verið ein eða fleiri í hverju gróðurfélagi. Einkennandi kallast tegundir sem einkenna tiltekið gróðurfélag án þess að hafa mesta þekju. Þær geta verið ein eða fleiri og eru bundnar við umrætt gróðurfélag. Heiti gróðurfélaga er táknad með lyklum samsettum úr einum stórum bókstaf og einum eða tveimur tölustöfum, t.d. táknar H1 gróðurfélagið *grös* og T5 *grös-starir*.

Gróður er kortlagður á vettvangi eftir loftmyndum og/eða myndkortum. Svæði, sem afmarkað er á loftmynd, er flokkað með sjónmati í gróðurfélög og landgerðir. Gróðurþekja er einnig metin en tákn fyrir skerta gróðurþekju eru rituð aftan við viðkomandi gróðurfélag. Þannig táknar x að meðaltali 75% gróðurþekju, z 50% og þ 25% gróðurþekju. H1x táknar því graslendi með að meðaltali 75% gróðurþekju.

Við gerð gróðurkortsins voru gögn vegna vettvangsvinnu frá 1975 með ýtrustu skiptingu gróðurs í gróðurfélög og skiptingu lítt eða ógróins lands notuð, eftir því sem unnt var, til að teikna nýtt gróðurkort á nokkurra ára gamalt myndkort frá Loftmyndum ehf. Með hliðsjón af gömlu kortlagningunni og eftir gróðurmörkum og kennileitum sem greina mátti á myndkortinu var gert uppkast að nýju gróðurkortu með skjáteiknun. Kortlagningin var endurskoðuð á vettvangi sumarið 2006. Farið var um allt svæðið til að skrá breytingar sem orðið höfðu á gróðurfari og kortleggja landið ítarlegar í stærri mælikvarða en áður. Vettvangsvinna var unnin á myndkortu í mælikvarða 1:10.000. Vegna þess hve gróðurfarið breytist hratt á rannsóknasvæðinu var beðið með endanlega gróðurteikningu þar til nýtt myndkort frá Loftmyndum var tilbúið. Það kort var gert eftir loftmyndum sem teknar voru 16. ágúst 2006 úr 3000 m hæð.

Gróður- og landgreining á vettvangi var gerð 24.–27. júní 2006. Kortlagðir voru ríflega 2100 ha lands á og í nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Háplöntur. Ekki er vitað til að úttekt hafi áður verið gerð á tegundafjölbreytni háplantna í næsta nágrenni fyrirhugaðs vegar. Einungis eru tiltæk gögn um útbreiðslu háplantna í 10x10 km reitum í gagnabanka Náttúrufræðistofnunar en þeim var safnað á mun stærra svæði en fyrirhuguð framkvæmd nær til.

3.2 Fuglar

Gagnasöfnun. Varpfuglar voru taldir dagana 29.–31. maí 2006. Talningar fóru fram að morgni dags (kl. 06–11) og síðdegis (kl. 16–20) en hlé var gert yfir miðjan daginn þegar fuglar hafa hægar um sig. Tveir talningamenn gengu samsíða með a.m.k. 300 m millibili sem næst fyrirhuguðum veglínunum og stoppuðu á 300 m fresti og skráðu alla fugla sem vart var við á fimm mínútum. Allir fuglar og atferli þeirra var skráð á þar til gerð eyðublöð, fjarlægð til þeirra metin og afstaða teiknuð á kort til þess að forðast endurtekningar. Guðmundur A. Guðmundsson og Freydis Vigfúsdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands, töldu fugla á sniðum.

Talningar á leirum. Farið var um svæðið, allt frá Skógey í vestri og inn í Skarðsfjörð 1. júlí 2006 í leit að brandöndum. Björn Arnarson, Fuglaathugunarstöð Suðausturlands, taldi. Dagana 10. ágúst og 4. september 2006 voru fuglar taldir á leirum og öðrum fjörusvæðum frá Árnanesi í vestri austur fyrir Flóa. Einstökum svæðum var skipt í einingar sem samsvöruðu staðsetningu veglína 2 og 3 um Nes. Brynjúlfur Brynjólfsson, Fuglaathugunarstöð Suðausturlands, taldi fugla á leirum.

Engar talningar fóru fram að vorlagi að þessu sinni. Ralph Tiedemann (1990) rannsakaði ítarlega fjölda og dreifingu vaðfugla í Hornafirði og Skarðsfirði að vorlagi árin 1988 og 1989. Hann taldi 27 sinnum á tímabilinu 7. apríl–31. maí 1988 og 19 sinnum á tímabilinu 20. apríl–3. júní 1989.

Þessu til viðbótar er til úttekt á fuglalífi í nágrenni Hornafjarðarflugvallar 30. maí–2. júní 1987 vegna staðarvals fyrir varaflugvöll fyrir millilandaflug (Karl Skírnisson 1989).

Úrvinnsla. Við útreikninga á þéttleika varpfugla var einingin óðal notuð, óháð því hvort vart var annars eða beggja fugla úr pari við talningu. Þeim fuglum sem sýndu varpatferli var skipt í fjarlægðabil; 0–20 m, 20–40 m, 40–80 m, 80–120 m, 120–160 m, 160–200 m og fjær en 200 m. Fuglum sem ekki sýndu varpatferli, t.d. flugu hjá eða voru við fæðuleit, var sleppt. Beitt var s.k. Distance-aðferð fyrir punktmælingar (Buckland o.fl. 1993) og notaður „half-normal“ sýnileikastuðull. Reiknað var með 80 metra breiðu innra belti þar sem ráð er fyrir gert að allra fugla hafi orðið vart, nema fyrir þúfutittling þar sem innra belti var 40 metra breitt. Með hjálp gróðurkorts af svæðinu voru punktar flokkaðir í gróðurlendi. Vegna takmarkaðrar sýnastærðar varð að flokka gróðurlendin gróflega í sem fæsta flokka: mosagróður, graslendi + ræktað land, votlendi, sjávarflæður, önnur gróðurlendi. Þéttleiki varpfugla var reiknaður fyrir hvert ofangreindra gróðurlenda og út frá flatarmáli þeirra innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra vegstæða (200 m til hvorrar handar frá veglínunni) var fjöldi óðala einstakra mófuglategunda reiknaður út á áhrifasvæðunum.

4 NIÐURSTÖÐUR

4.1 Gróðurfar

4.1.1 Helstu gróðurfélög á rannsóknasvæðinu

Miðað við umfang þess lands sem kortlagt var vegna fyrirhugaðrar vegagerðar við Hornafjarðarfliót þá eru þurrlendisgróðurfélög sem koma fyrir tiltölulega fá. Þurrlendisgróður á svæðinu í heild er frekar einsleitur þó að á minni svæðum geti hann talist fjölbreyttur. Því er öfugt farið með votlendisgróður en hann er bæði fjölbreyttur og sérstæður. Fjöldi gróðurfélaga votlendis er óvenju mikill og eru sum þeirra sjaldgæf á landsvísu.

Þurrlendisgróður

Mosagróður (A) Þegar þekja mosa í gróðursamfélögum er meiri en 50% og annar gróður mjög gisinn kallast það mosagróður eða mosapamba. Mosi getur því verið mjög áberandi í öðrum gróðursamfélögum án þess að þau flokkist sem mosapamba. Þekja mosagróðurs á kortlögðu svæðunum er lítil. Hann kemur fyrir á öllum kortlögðu svæðunum en er þó ekki áberandi. Útbreiddasta mosagróðurfélagið er A5 (*mosi með grösom*). Þar eru hraungambri og melagambri áberandi mosategundir ásamt krækilyngi, grasvíði, móasefi, axhæru, blávingli og túnvingli. Gróðurfélagið A6 (*mosi með þursaskeggi*) kemur fyrir en það vex á sérlega þurrum og rýrum jarðvegi. Í mosabreiðunni vex fjöldinn allur af háplöntutegundum sem dafna ágætlega við þessi skilyrði. Má þar nefna þursaskegg, krækilyng, blóðberg, lambgras, hvítmöðru, blávingul, vallhæru, axhæru, grasvíði, blásveifgras, gullmuru og brjóstagras. Fléttur eru sumstaðar áberandi.

Víðimói (D) hefur litla útbreiðslu og kemur einungis fyrir í Skógey á sendnu þurru landi. Eina gróðurfélagið er D3 (*loðvíðir-grávíðir*). Með víðinum vaxa oft bláberjalyng, krækilyng, beitilyng, bugðupunktur, snarrótarpuntur, hálíngresi, vallhæra, túnvingull, blávingull, gulmaðra, kornsúra, móasef og vallelfting. Mosi er víða ríkjandi í gróðursverðinum.

Þursaskeggsmói (E) hefur mjög litla útbreiðslu en finnst á Mýrum og í Nesjum, oftast í blönduðu gróðurfélagi með H1 (*grös*). Þetta gróðurlendi ber vott um rýran og þurran jarðveg. Gróðurfélögin sem koma fyrir eru E1 (*þursaskegg*) og E2 (*þursaskegg-smárunnar*). Með þursaskegginu vaxa m.a. grasvíðir, krækilyng, bláberjalyng, stinnastör og bugðupunktur.

Graslendi (H) er algengasta gróðurlendið í Nesjum en hefur tiltölulega litla útbreiðslu á Mýrum og í Skógey. Gróðurfélagið H1 (*grös*) er nær einrátt í Nesjum en H2 (*grös með störum*) og H7 (*grös með elftingu*) koma einnig fyrir. H3 (*graslendi með smárunnum*) og H4 (*melgresi*) koma fyrir í Skógey en H1 (*grös*) er algengast þar eins og á hinum svæðunum. H1 (*grös*) er gróðurfélag þar sem grös eru ríkjandi. Grastegundirnar geta verið allmargar en sem heild er graslendið yfirleitt einsleitt gróðursamfélag. Stundum slæðast lyng og blómplöntur inn í graslendi en aldrei í miklum mæli. Áberandi grastegundir eru t.d. túnvingull, hálíngresi, blávingull, skriðlíngresi og ilmreyr. Innan um vaxa t.d. gulmaðra, krækilyng, hvítmaðra, lambgras, geldingahnappur, blóðberg, vallhæra, axhæra og túnsúra. Mosategundir eru algengar í gróðursverðinum.

Votlendisgróður

Deiglendi (T) eða jaðar er hálfblautt land þ.e. millistig á milli þurrlendis og votlendis. Á rannsóknasvæðinu er deiglendi mjög víðfeðmt og hefur mesta útbreiðslu gróðurlenda bæði á Mýrum og í Skógey. Deiglendisgróður er oft að finna á rimum og gördum inni í mýrum og flóum, en alloft má sjá stór svæði með deiglendisgróðri á grónum jökulaurum.

T2 (*hrossanál-starir-grös*) er langalgengasta gróðurfélagið á Mýrum og í Skógey. Einkennistegundin hrossanál stendur upp úr öðrum gróðri og gerir gróðurlendið áberandi úr fjarlægð. Kortlagða svæðið er kjörlendi fyrir hrossanálina. Hún vex á sendnum árbökkum og grónum jökulaurum, oftast með mýrastör og öðrum mýrategundum. Auk þess vex hún í venjulegum mýrajaðri, einkum í Nesjum. Af öðrum tegundum má nefna túnvingul, hálmgresi, blásveifgras, skriðlingresi, bjúgstör, klóelftingu og tágamuru.

Gróðurfélagið T5 (*grös-starir*) hefur nokkra útbreiðslu á Mýrum en er algengasta gróðurfélag deiglendis í Nesjum. Þetta er ríkt gróðurfélag með álíka miklu af grösum og störum. Það tekur gjarnan við af mýrlendi sem hefur verið ræst fram en grösin sækja á, eftir því sem raki í jarðvegi minnkar. Í Nesjum þekur þetta gróðurfélag 15% af grónu landi.

Gróðurfélagið T9 (*hrossanál-túnvingull*) finnst á öllum svæðunum en hefur mesta útbreiðslu í Nesjum (13 ha). Það ásamt T10 (*hrossanál-gráviðir-loðviðir*) hefur allnokkra útbreiðslu í Skógey (30 ha) og er helst að finna á þurrum sendnum árbökkum. Helstu tegundir eru hrossanál, túnvingull, gráviðir, loðviðir, skriðlingresi, lokasjóður, mýrfjöla, grasviðir og gulviðir.

Mýri (U) myndast þar sem yfirborð jarðvatns er jafnan um eða rétt undir gróðursverðinum. Mýri er fremur stöðugt gróðurlendi og lífríki hennar er jafnan fjölskrúðugt. Mýrarnar auka mjög á gróðurfarslegt gildi landsins. Kortlögð gróðurfélög í mýrlendi eru sex og finnast á öllum rannsóknasvæðunum.

U13 (*mýrastör með mýrelftingu*) er algengasta mýragróðurfélagið á Mýrum og er um 15% kortlagðs gróðurs. Gróðurfélagið kemur fyrir í Nesjum. Þar er mýrelfting ríkjandi ásamt mýrastör. Meðal algengra fylgitegunda má nefna hálingresi, túnvingul, gulstör, hvítsmára, hálmgresi, snarrótarpunt, vallarsveifgras, skriðlingresi og ilmreyr.

U5 (*mýrastör*) flokkast undir starungsmýri og er algengasta mýragróðurfélagið á rannsóknasvæðunum í Nesjum og í Skógey. Þetta er algengasta mýragróðurfélagið á láglendi á Íslandi. Í því er mýrastör ríkjandi tegund og verður oft einráð. Mýrastararmýri með hreinni mýrastör myndast nær eingöngu þar sem mýri liggur undir vatni einhvern tíma árs til dæmis á vorin eða í haustríningum (Steindór Steindórsson 1981). Meðal algengra fylgitegunda eru bjúgstör, týtulíngresi, hrafnaklukka, mýrfjöla, lyfjagras og mýrasóley ásamt vinglum og sveifgrösum. Önnur gróðurfélög sem flokkast sem starungsmýrar eru: U8 (*mýrastör með gulstör*) sem hefur næstmesta útbreiðslu mýragróðurfélaga á Mýrum, U4 (*mýrastör með klóffu*) sem finnst í litlum mæli á Mýrum og í Skógey og U1 (*mýrastör með hengistör*) sem fannst á Mýrum. Síðast talda gróðurfélagið er algengt á hálendi en sjaldgæft á láglendi. Ofangreind gróðurfélög eru samkvæmt Steindóri Steindórssyni (1981) í senn blautustu og tegundafæstu gróðurfélög mýrlendisins og líkjast flóa að því leyti til.

U19 (*mýrastör-tjarnastör*) er á syðra rannsóknasvæðinu í Nesjum innan um Skarðshóla. Þar ríkir mýrastör en tjarnastör, sem er hávaxnari og ljósari, vex á blettum inn á milli. Venjulega er bláberjalýng mest áberandi fylgitegundin í þessu gróðurfélagi, en ekki hér. Aðrar algengar fylgitegundir þessa gróðurfélags eru: hárleggjastör, klóffifa, týtulíngresi, grasviðir, kornsúra,

krækilyng, mýrelfting, hrafnaklukka, mýrfjóla, lyfjagras og mýrasóley. Vinglar og sveifgrös eru víða.

Flói (V) er blautasti hluti votlendisins og hverfur stundum yfir í vatnagróður án verulegra marka. Flóar einkennast af því að vatnsborð nær vel yfir gróðursvörð verulegan hluta ársins. Yfirborð hans er að mestu slétt. Flói er yfirleitt tegundafár og gróður hans einsleitur (Steindór Steindórsson 1981).

Mesta útbreiðslu flóa á öllum rannsóknasvæðunum hefur V1 (*gulstör*) og er þetta einnig eina gróðurfélag flóa í Skógey. Gulstaraflói heyrir til gróðurlendi sem bæði að myndun, jarðvegi og gróðurfari er alósklyt flóanum og kallast flæðimýri (Steindór Steindórsson 1981). Flæðimýri verður aðallega til meðfram lygnum ám og við árósa þar sem fjarðarbotnar hafa fyllst af framburði vatnsfalla. Vatn sígur oft eða flæðir inn í hana í vatnavöxtum. Allar óshólmamýrar landsins eru flæðimýrar (Steindór Steindórsson 1981). Flæðimýri er einsleitt gróðurfélag og aðaltegundin er gulstör. Á rannsóknasvæðunum í Mýrum og í Nesjum koma einnig fyrir gróðurfélögin V2 (*tjarnarstör*) og V3 (*klófifa*), en hvorugt nær mikilli útbreiðslu.

Vatnagróður (Y) Til vatnagróðurs teljast háplöntur sem vaxa í vatni og mynda verulega þekju. Vatnagróður finnst fyrst og fremst í grunnu vatni svo sem lygnum víkum, stærri vötnum, tjörnum, pollum, árbökkum, skurðum, síkjum eða í blautum flóum þar sem hann skarast við flóagróður. Allmargar tjarnir og grunn vötn eru í votlendinu og mynda fjölbreytt mynstur í landslaginu. Umhverfis tjarnirnar er land vel gróið. Mest er útbreiðsla vatnagróðurs austast á rannsóknasvæðinu á Mýrum.

Langmesta útbreiðslu hefur Y2 (*vatnsnál-vætuskúfur*) og finnst það á öllu rannsóknasvæðinu í tjörnum og vötnum. Gróðurfélagið (aðallega vætuskúfur) myndar sérstaklega víðáttumiklar rauðleitar breiður í grunnum vötnum austast á rannsóknasvæðinu á Mýrum. Vatnsnál er algeng í smáum stíl um allt land, en óvíða svo þétt að hún myndi verulegar breiður eins og á þessu svæði (Steindór Steindórsson 1981).

Tjarnir með Y1 (*fergin*) finnast á Mýrum og í Skógey. Aðaltegund er fergin, hávaxin elftingartegund sem vex allþétt í síkjum og tjörnum. Segja má að gróðurfélagið fylgi nær algerlega flæðimýrinni og það hefur mjög fáar fylgitegundir (Steindór Steindórsson 1981).

Gróðurfélagið Y6 (*nykrur og marar*) var kortlagt í einni tjörn á Mýrum þar sem síkjamari var ríkjandi. Marar og annar flot- eða flækjugróður sést þó í fleiri tjörnum en ekki í svo miklum mæli að hægt sé að kortleggja það í þessum mælikvarða.

Sjávarflæðagróður eða sjávarfitjar (S)

Sjávarfitjar eru svæði ofarlega í fjörum með samfelldum háplöntugróðri, þar sem sjór skolast yfir annað slagið (Agnar Ingólfsson 1990a). Sjávarfitjar eru votlendar, jarðvegur er leir- og leðjublandinn og hefur tilhneigingu til þess að þykkna. Ríkjandi grastegund er sjávarfitjungur, lágvaxið gras sem vex í toppum, en með honum vaxa til dæmis fitjaskúfur, flæðastör, skriðstör, marstör, kattartunga, skriðlíngresi og túnvingull.

Sjávarfitjar eða sjávarflæðar, eins og þetta land verður kallað hér, eru algengar með ströndum landsins en víðast hvar aðeins örmjóar ræmur eða blettir. Þær myndast aðeins þar sem er sámilega skýlt, til dæmis innst í vogum og fjörðum. (Agnar Ingólfsson 1990a). Víðáttumestu sjávarfitjar á landinu eru við Faxaflóa og á Suðausturlandi (Guðmundur Páll Ólafsson, 1995). Samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum teljast sjávarfitjar til votlendis en þær hafa einnig verið flokkaðar með strandgróðri og graslendi (Steindór Steindórsson 1964 og 1981).

Útbúinn var sérstakur viðauki, *sjávarflæðagróður*, við hefðbundinn gróðurlykil vegna kortlagningar við Hornafjarðarfjót. Alls voru skilgreind sex gróðurfélög sjávarflæðagróðurs til viðbótar við H5 (*sjávarfitjung*) sem fyrir var í lyklinum.

Sjávarflæðagróður er um þriðjungur alls kortlagðs gróðurs í Skógey og er S5 (*skriðlingresi*) algengasta gróðurfélagið þar. Stærsti hluti gróðurfélagsins (84%) hefur að meðaltali 50% gróðurþekju eða minna. Algengustu tegundir með skriðlingresinu eru strandsauðlaurur, klóelfting, sjávarfitjungur og gulstör. S1 (fitjaskúfur) er einnig mjög útbreiddur í Skógey. Hann er einnig algengasta gróðurfélag sjávarflæðagróðurs í Nesjum og er þar að mestu leyti í blönduðum gróðurfélögum. Í Skógey er fitjaskúfurinn helst í blönduðum gróðurfélögum með S5 (*skriðlingresi*). Helstu fylgitegundir með fitjaskúfi eru klóelfting, skriðlingresi og strandsauðlaurur. Á sjávarfitjum við Árnanes vex fitjaskúfur í blönduðu gróðurfélagi með S3 (*skriðstör*) á víðáttumiklum fitjum. Tvær aðrar starir fundust einráðar á svo stórum blettum að þeir flokkast sem sérstök gróðurfélög þ.e. S2 (*flæðastör*) og S4 (*marstör*). Hvorugt gróðurfélagið náði þó það mikilli útbreiðslu að það komi fram á korti í þessum mælikvarða en þau eru bæði kortlögð í blönduðum gróðurfélögum. Síðast en ekki síst er gróðurfélagið S6 (*strandsauðlaurur*) sem hefur töluverða útbreiðslu á syðra rannsóknasvæðinu í Nesjum. Strandsauðlaurur finnst allvíða í nálægð sjávar og sendins votlendis. Hann er ýmist nær einráður eða í blönduðum gróðurfélögum á rannsóknasvæðinu. Helstu fylgitegundir eru bjúgstör, skriðstör, heigulstör, klóelfting, gulstör og klófifa.

Ræktað land (R)

Kortlagðir voru sex flokkar ræktaðs lands. Fjórir flokkar tilheyra hefðbundnum landbúnaði, R1 (*garðlönd, korn- og grænþóðurakrar*), R2 (*tún sem nytjuð eru til slægna*), R3 (*tún sem ekki eru nýtt til slægna en möguleiki á því við áburðargjöf*) og R4 (*gömul tún eða framræst votlendi*). Sá fyrirvari er á þessum flokkum að þar er einungis stuðst við yfirborðsflokkun á vettvangi en ekki upplýsingar frá bændum.

R5 (*ræktað graslendi/uppgræðslusvæði*) er aðallega kortlagt meðfram flugvellinum þar sem sáð hefur verið fræi og borið á. Uppgræðsla í Skógey hefur þróast það hratt í átt að náttúrulegu gróðurfari að ekki eru þar nein bein merki um uppgræðslu. Gróðurfélagin þar flokkast því öll sem náttúruleg.

R6 (*skógrækt*) var kortlögð meðfram vegum, innan girðinga við bústaði, meðfram garðlöndum og tünnum og á afgirtum skógræktarreitum í Nesjum. Á einum stað er skógrækt merkt í blönduðu gróðurfélagi með byggð (by/R6) og með grösum á öðrum reit (R6/H1). Nokkuð er um trjáplöntur á víð og dreif í Skarðshólum en þær koma ekki fram á gróðurkortinu.

Lítt gróið land – bersvæðagróður

Bersvæðagróður kallast land sem er með minni en 10% gróðurþekju. Hér er honum skipt niður í áreyrar, blautar (le) og þurrar (ey), sanda (sa), moldir (mo) og stórgrýtt land (gt). Útbreiðsla þessara flokka er óveruleg á rannsóknasvæðunum.


4.1.2 Veglínur vestan Hornafjarðarfljóta – Mýrar

Alls var kortlagt 730 hektara svæði á Mýrum (1. kort) og þar af voru tæpir 700 ha grónir. Mestur hluti ógróna landsins eru vötn. Svæðið er mjög votlent og alls er 82% þess flokkað sem deiglendi, mýrar, flóar og vatnagróður (1. tafla). Sjávarflæðagróður er óverulegur á þessu svæði.

1. tafla. Stærð ríkjandi gróðurlenda og flokka lítt eða ógróins lands á Mýrum.

| Gróðurtákn | Gróður- og landflokkar | ha | % gróins lands |
|---|--------------------------------|------------|----------------|
| Gróðurlendi | | | |
| A | Mosagróður | 34 | 5 |
| E | Þursaskeggsmói | 2 | <1 |
| H | Graslendi | 29 | 4 |
| R | Ræktað land (tún og garðlönd) | 51 | 7 |
| S | Sjávarflæðagróður | <1 | <1 |
| T | Deiglendi | 265 | 38 |
| U | Mýri | 212 | 30 |
| V | Flói | 74 | 11 |
| Y | Vatnagróður | 29 | 4 |
| | Samtals gróið | 697 | 100 |
| Landgerðir Lítt- eða ógróið land | | | |
| av | Vatn | 28 | |
| by | Byggð og önnur mannvirki | 3 | |
| ey | Þurrar áreyrar | 1 | |
| le | Blautar áreyrar | 1 | |
| | Samtals ógróið | 34 | |
| | Samtals gróið og ógróið | 730 | |

Deiglendi er fyrirferðarmest eins og sést á meðfylgjandi gróðurlendakorti (1. mynd) eða 38% af heildinni og gróðurfélagið T2 (*hrossanál-starir-grös*) þar langalgengast (1. viðauki). Mýri er næst algengasta gróðurlendið, 30% af heildinni og flói það þriðja algengasta eða tæp 11%. Vatnagróður telst vera á um 4% svæðisins. Mjög algengt er að gróðurfélög úr ofantöldum gróðurlendum séu samanfléttuð (1. ljósmynd) og óaðgreinanleg á gróðurkortum.



1. mynd. Hornafjarðarfliót – Mýrar. Gróðurlendakort.



1. ljósmynd. Séð yfir austasta hluta rannsóknasvæðisins á Mýrum þar sem skiptast á mýrar, flóar, vatnagróður og deiglendi. Ljós. Guðmundur Guðjónsson 24. júní 2006.


Á 2. mynd er útbreiðsla votlendis sýnd þar sem tillit hefur verið tekið til þessara blönduðu gróðurlenda. Á rannsóknasvæðinu eru tún og annað ræktað land um 7%, mosagróður tæp 5% og graslendi um 4%. Þess ber að geta að landið er að einhverju leyti nýtt til beitar (töluverð hrossabeit).

Leið 1 sveigir til austurs út af hringvegi 1 milli bæjanna Holts og Tjarnar. Hún er sú nyrðri af fyrirhuguðum veglínunum á Mýrum. Frá hringvegi 1 að Hornafjarðarfljótum yrði nýlagning vegar um 2,3 km að lengd. Viðmiðunarsvæðið meðfram veglínunni (200 metrar til beggja handa) er því um 93 ha. (2. tafla).

2. tafla. Stærð ríkjandi gróðurlenda og flokka lítt eða ógróins lands á viðmiðunarsvæði leiðar 1 á Mýrum.

| Gróðurtákn | Gróður- og landflokkar | ha | % gróins lands |
|---|-------------------------------|-----------|----------------|
| Gróðurlendi | | | |
| H | Graslendi | <1 | <1 |
| R | Ræktað land (tún og garðlönd) | 11 | 13 |
| T | Deiglendi | 47 | 56 |
| U | Mýri | 14 | 17 |
| V | Flói | 5 | 5 |
| Y | Vatnagróður | 7 | 8 |
| Samtals gróíð | | 84 | 100 |
| Landgerðir Lítt- eða ógróíð land | | | |
| av | Vatn | 6 | |
| by | Byggð og önnur mannvirki | 1 | |
| ey | Þurrar áreyrar | 1 | |
| le | Blautar áreyrar | 1 | |
| Samtals ógróíð | | 9 | |
| Samtals gróíð og ógróíð | | 93 | |

Framburður jökuláa hefur átt mikinn þátt í mótun landsins sem veglínan liggur um og grunnvatnsstaða er há. Svæðið frá Djúpa að Hornafjarðarfljótum er allt deiglent eða votlent. Víða eru tjarnir og lænur með vatnagróðri í gulstararflóum (2. ljósmynd).



2. mynd. Hornafjarðarfliót - útbreiðsla votlendis.



2. ljósmynd. Tjörn með vatnsnál og síkjamara í gróskumiklum gulstararflóa. Fjær sér í deiglendisrima með hrossanál. Ljós. Regína Hreinsdóttir 24. júní 2006.

Deiglendi er algengasta gróðurlendið, á alls 56% viðmiðunarsvæðis veglínunnar. Helsta gróðurfélag deiglendisins er T2 (*hrossanál-starir-grös*) en einnig koma fyrir gróðurfélögin T5 (*grös-starir*) og T9 (*hrossanál-vingull*) (1. viðauki). Votlendi, þ.e. deiglendi, mýrar, flóar og vatnagróður er alls á um 87% viðmiðunarsvæðis leiðar 1. Helstu gróðurfélög mýrlendisins sem er á 17% viðmiðunarsvæðisins, eru U13 (*mýrastör/stinnastör-mýrelfting*) og U8 (*mýrastör/stinnastör-gulstör*). Eina gróðurfélag flóa (5%) á viðmiðunarsvæði veglínunnar er V1 (*gulstör*). Vatnagróður svo sem vatnsnál, vætuskúfur og fergin, setur óvenju mikinn svip á landið (3. ljósmynd) og er alls að finna á um 8% viðmiðunarsvæðisins. Ræktað land er um 13%.



3. ljósmynd. Leið 1 liggur þvert yfir þessa gróskumiklu tjörn með fergin og gulstör (Y1/V1) skammt frá bökkum Hornafjarðarfljóta. Ljós. RH, 24. júní 2006.

Leið 2 (og 3) sveigir til austurs út af þjóðvegi 1 á mótis við Lambleiksstaði. Ný veglagning er á u.þ.b. 5,5 km kafla frá núverandi vegi að Hornafjarðarfljótum. Rannsóknasvæði meðfram veglínunni er alls um 227 ha (3. tafla).

3. tafla. Stærð ríkjandi gróðurlenda og flokka á viðmiðunarsvæði leiðar 2 á Mýrum.

| Gróðurtákn | Gróður- og landflokkar | ha | % gróins lands |
|------------|--------------------------------|------------|----------------|
| | Gróðurlendi | | |
| A | Mosagróður | 21 | 10 |
| E | Þursaskeggsmói | 1 | 1 |
| H | Graslendi | 2 | 1 |
| R | Ræktað land (tún og garðlönd) | 1 | 1 |
| T | Deiglendi | 83 | 38 |
| U | Mýri | 72 | 33 |
| V | Flói | 30 | 13 |
| Y | Vatnagróður | 6 | 3 |
| | Samtals gróíð | 217 | 100 |
| | Landgerðir | | |
| | Lítt- eða ógróíð land | | |
| av | Vatn | 9 | |
| by | Byggð og önnur mannvirki | <1 | |
| | Samtals ógróíð | 10 | |
| | Samtals gróíð og ógróíð | 227 | |

Þar sem veglínan sveigir frá hringvegi 1 skiptast á mosagróður og deiglendi á um 1,5 km löngum kafla (1. mynd) en þegar því sleppir má segja að leiðin liggir yfir samfelld vottlendi í blönduðum gróðurfélögum deiglendis, mýra, flóa og vatnagróðurs (sjá meðfylgjandi gróðurkort í vasa). Alls flokkast 87% viðmiðunarsvæðis veglínunnar til mýra, flóa, vatnagróðurs og deiglendis (3. tafla). Deiglendi nær yfir um 38% gróðurs á viðmiðunarsvæði veglínunnar og þar er gróðurfélagið T2 (*hrossanál-starir-grös*) algengast en T5 (*grös-starir*) hefur einnig nokkra útbreiðslu (1. viðauki). Mýri er um 33% gróðurlenda og eru gróðurfélög innan hennar fimm talsins. Algengasta mýrin er U13 (*mýrastör/stinnastör-mýrelfting*) en U8 (*mýrastör/stinnastör-gulstör*) og U5 (*mýrastör/stinnastör*) ná einnig nokkurri útbreiðslu. Þrjú gróðurfélög sem tilheyra flóa þekja alls um 13% gróðurs á viðmiðunarsvæði veglínu 2 og er gróðurfélagið V1 (*gulstör*) langalgengast. Hin eru V2 (*tjarnastör*) og V3 (*klófifa*). Heildarútbreiðsla vottlendis þar sem einnig er tekið tillit til blandaðra gróðurfélaga er sýnd á 3. korti. Mosagróður (10%) er einkum að finna þar sem veglínan sveigir út frá núverandi vegstæði (1. mynd) og er þar aðallega um að ræða gróðurfélagið A5 (*mosi með grösum*). Vatnagróður í grunnum vötnum og tjörnum er á 3% viðmiðunarsvæðis veglínunnar og er gróðurfélagið Y2 (*vatnsnál-vætuskúfur*) algengast (4. ljósmynd). Vatnsstaða í vottlendinu á Mýrum er óvenju há á landsvísu.



4. Ljósmynd. Algróin grunn tjörn sem vætuskúfur gefur rauðleitan blæ. Næst vatnsbökkunum eru starir yfirleitt ríkjandi (grænn kragi) en deiglendisgróður utar (ljósara). Ljósmynd. RH, 24. júní 2006.

4.1.3 Skógey

Í Skógey hefur gróðurfar samkvæmt heimildum breyst mikið í tímans rás. Þar hafa breytingar á landi orðið umfangsmeiri en beggja vegna Hornafjarðarflióta á Mýrum og í Nesjum. Einkum hafa breytingarnar í Skógey orðið miklar á 20. öld. Í bókinni Jöklaveröld eru miklar sögulegar heimildir um þróun gróðurfars í Skógey sem eftirfarandi samantekt byggir á.

Nafnið Skógey er eina heimildin um að þar hafi vaxið skógur. Líklegt er að hann hafi verið horfinn 1364 þegar fjallað var um eyna í máldaga Bjarnaneskirkju. Um aldamótin 1800 var Skógey verðmætt engjaland prestsetursins í Bjarnanesi. Þá má álykta að gróið land í Skógey hafi hulið leirurnar langleiðina inn undir Gildrasker. Í sóknarlýsingu frá 1840 segir að munnmæli hermi að Skógey hafi fyrrum náð inn að Svínafelli og kannski út undir sjó. Fyrir því eru óbyggjandi heimildir að á fyrstu árum 20. aldar hafi gróður í Skógey og Hrísey verið í góðu horfi þótt aðliggjandi svæði hafi verið mikið rofin vegna ágangs fljótanna. Sagt var að gulstörin tæki hestum í kvið og heyfeng jafnað við vel ræktaðan töðuvöll. Á fyrsta áratug 20. aldar byrjuðu sandbylir að ganga yfir eyna svo að allar lautir fyllti og engjarnar tók af. Síðast gerðist þetta 1959. Skógey er nú fyrst að ná sér eftir þau áföll.

Árið 1982 var endanlega gengið frá samningi við hlutaðeigandi landeigendur um afhendingu Skógeyjar til landgræðslu. Árið 1984 fór fyrsta sáningin fram. Á þeim árum sem síðan eru liðin hefur umfangsmikið landgræðslustarf verið unnið í Skógey með mjög góðum árangri enda veðurfar á tímabilinu verið mjög hagstætt gróðri.

Nú var gróður kortlagður á alls 745 hektara svæði í Skógey og Hrísey (sbr. meðfylgjandi gróðurkort í vasa). Einungis 6% þess er flokkað sem lítt eða ógróið land. Helstu gróðurlendi á svæðinu eru deiglendi á rúmlega 400 hekturum lands (4. tafla) og sjávarflæðagróður á tæpum 250 hekturum. Önnur gróðurlendi hafa mun minni útbreiðslu en graslendi er ríkjandi á 30 ha, flói á 25 ha og mýri á 14 ha. Víðimói og kjarr, mosagróður og vatnagróður koma fyrir en hafa enn minni útbreiðslu.

Mestur hluti gróðurs í Skógey er votlendi. Votlendi skv. hefðbundnum gróðurlykli (Steindór Steindórsson 1981) þ.e. deiglendi, mýrar, flóar og vatnagróður er alls um 60% af grónu landi í Skógey (4. tafla, 2. mynd). Sjávarflæðagróður sem er utan hefðbundins gróðurlykils telst til votlendis þó hann sé allt annars eðlis en votlendið í gróðurlyklinum. Með sjávarflæðagróðrinum er votlendið í Hrísey samtals 93% af grónu landi.

Mestur hluti deiglendisins í Skógey er algróið land þ.e. að gróðurþekjan er samfelld. Tæpur helmingur þess flokkast með blönduðum gróðurfélögum, einkum votlendi og sjávarflæðagróðri. Ríkjandi í deiglendinu er gróðurfélagið T2 (*hrossanál-starir-grös*) (5. ljósmynd) sem er útbreitt á sendnum svæðum þar sem gróður er að nema land (2. viðauki). Í tveimur öðrum gróðurfélögum deiglendis T9 (*hrossanál-vingull*) og T10 (*hrossanál-grávíðir/loðvíðir*) sem koma fyrir í Skógey er hrossanál einnig einkennandi plöntutegund.




5. ljósmynd. Gróðurfélagið T2 (hrossanál-starir-grös) í Skógey. Ljós. Kristbjörn Egilsson, 25. júní 2006.

Í sjávarflæðagróðrinum í Skógey er gróðurþekja almennt nokkuð gisin. Þar koma fyrir þrjú gróðurfélög en tvö þeirra S5 (*skriðlingresi*) og S1 (*fitjaskúfur*) eru með mun meiri útbreiðslu en það þriðja H5 (*fitjungur*). Sjávarflæðagróðurinn í Skógey er mjög óstöðugur og síbreytilegur. Það stafar af því að útbreiðsla hans og þéttleiki er háður sjávarföllum og breytingum á rennsli vatnanna sem eru stöðugt að breyta um farveg og þar af leiðandi yfirborði á leirunum.

4. tafla. Stærð ríkjandi gróðurlenda og flokka lítt eða ógróins lands í Skógey.

| Gróðurtákn | Gróður- og landflokkar | ha | % gróins lands |
|--------------------|--------------------------------|------------|----------------|
| Gróðurlendi | | | |
| A | Mosagróður | 5 | 1 |
| D | Víðimói og kjarr | 9 | 1 |
| H | Graslendi | 30 | 4 |
| S | Sjávarflæðagróður | 247 | 33 |
| T | Deiglendi | 410 | 55 |
| U | Mýri | 14 | 2 |
| V | Flói | 25 | 3 |
| Y | Vatnagróður | <1 | <1 |
| | Samtals gróið | 739 | 100 |
| Landgerðir | | | |
| | Lítt- eða ógróið land | | |
| av | Vatn | 4 | |
| sa | Sandur | 2 | |
| | Samtals ógróið | 6 | |
| | Samtals gróið og ógróið | 745 | |

Leið 1 er nyrst af fyrirhuguðum þremur veglínunum í Skógey. Hún er einnig styst eða u.þ.b. 3,3 km (3. mynd). Votlendi er samtals á um 92% viðmiðunarsvæðis veglínunnar, þar af er 71% deiglendi (5. tafla) en 15% þess er sjávarflæðagróður. Mikið er um blönduð gróðurfélög og að teknu tilliti til þess hækkar nokkuð hlutur blautara votlendis á kostnað deiglendis (2. viðauki). Mýri kemur t.d. einungis fyrir sem seinna gróðurfélag í blönduðu gróðurfélagi og kemur því ekki fram á gróðurlendakorti (2. viðauki). Flói sem er að finna á 6% af viðmiðunarsvæði veglínunnar, er í raun útbreiddari. Þar kemur til að gulstararflói (V1) er seinast talinn þriggja gróðurfélaga í stórum gróðurreit suðaustan við Hádegissker. D3 (*víðimói og kjarr*) kemur nokkuð fyrir á vesturhluta eyjarinnar, þar sem land er þurrast og þekur 6% af viðmiðunarsvæðinu. Útbreiðsla annarra gróðurlenda er óveruleg.



3. mynd. Hornafjarðarfjót – Skógey. Gróðurlendakort.

5. tafla. Stærð ríkjandi gróðurlenda og flokka lítt eða ógróins lands á viðmiðunarsvæði leiðar 1 í Skógey.

| Gróðurtákn | Gróður- og landflokkar | ha | % gróins lands |
|--------------------|--------------------------------|------------|----------------|
| Gróðurlendi | | | |
| A | Mosagróður | <1 | <1 |
| D | Víðimói og kjarr | 8 | 6 |
| H | Graslendi | 2 | 2 |
| S | Sjávarflæðagróður | 19 | 15 |
| T | Deiglendi | 91 | 71 |
| V | Flói | 7 | 6 |
| Y | Vatnagróður | <1 | <1 |
| | Samtals gróið | 128 | 100 |
| Landgerðir | Lítt- eða ógróið land | | |
| av | Vatn | 1 | |
| | Samtals ógróið | 1 | |
| | Samtals gróið og ógróið | 129 | |

